

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2014

2014/EES/42/08

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/46/ESB frá 28. ágúst 2013 um breytingu á tilskipun 2006/141/EB að því er varðar kröfur um prótín í ungbarnablöndum og stoðblöndum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzv (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 L 0046**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/46/ESB frá 28. ágúst 2013 (Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/46/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 230, 29.8.2013, bls. 16.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.